



Teymi um efnahag heimilanna

Velferðarvaktin

26. nóvember 2019

Jóna Guðný Eyjólfsdóttir, sérfræðingur

» Efnahagur heimilanna, teymi undir skrifstofu barna- og fjölskyldumála

- Birna Sigurðardóttir
- Jóna Guðný Eyjólfsdóttir - teymisstjóri
- Lovísa Lilliendahl
- Siv Friðleifsdóttir
- Þór Hauksson Reykdal
- Fulltrúi skrifstofu húsnæðis- og lífeyrismála

Megináherslur ríkisstjórnarinnar – Jöfn tækifæri


- ✓ Styrkja stöðu þeirra sem höllum fæti standa
- ✓ Sérstaklega hugað að stöðu barna sem búa við fátækt
- ✓ Úttekt á tekjulægstu hópunum, tillögur um úrbætur settar fram



- » Háskóli Íslands, Hagstofa Íslands, Umboðsmaður skuldara, fjármálaráðuneytið
- » Rannsóknir og skýrslur í málaflokknum
- » Samanburður við Norðurlöndin og Evrópu

At risk of Poverty (AROP). Lágtekjuhlutfall: Hlutfall einstaklinga á heimilum með minna en 60% af miðgildi ráðstöfunartekna á neyslueiningu

AROP 2018



Frumvarp til laga um lengingu fæðingarorlofs

Í frumvarpinu er lagt til að samantlagður réttur foreldra til fæðingarorlofs lengist úr níu mánuðum samkvæmt gildandi lögum í tólf mánuði og að lengingin komi til framkvæmda í tveimur áföngum, annars vegar vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur á árinu 2020 og hins vegar vegna barna sem fæðast, eru ættleidd eða tekin í varanlegt fóstur 1. janúar 2021 eða síðar.

- Árið 2020 - 4+4+2 mánuðir, alls 10 mánuðir
 - Árið 2021 - 5+5+2 mánuðir, alls 12 mánuðir
- ✓ Ofangreint frumvarp er í samræmi við tillögur Velferðarvaktarinnar um að brúa umönnunarbilið



Lögð er til hækkun á neðri skerðingarmörkum tekna á árinu 2020.

- Skerðingarmörk tekjustofns barnabóta hjá **einstæðum foreldrum** hækka úr 3,6 millj. kr. á ársgrundvelli í 3,9 millj. kr., eða úr 300 þúsund kr. á mánuði í 325 þúsund kr. Það þýðir að fyrir einstætt foreldri sem hefur allar sínar tekjur af launavinnu og greiðir 4% skylduiðgjald í lífeyrissjóð er engin skerðing á barnabótum upp að 338.542 kr. í mánaðarlaun.
- Skerðingarmörk tekjustofns barnabóta hjá **sambúðaraðilum** hækka úr 7,2 millj. kr. á ársgrundvelli í 7,8 millj. kr., eða úr 600 þúsund kr. á mánuði í 650 þúsund kr. Það þýðir að fyrir sambúðaraðila sem hafa allar sínar tekjur af launavinnu og greiða 4% skylduiðgjald í lífeyrissjóð er engin skerðing á barnabótum upp að 677.084 kr. í samanlögð mánaðarlaun.

Á þingmálaskrá

- » Frumvarp um félagslegan viðbótarstuðning við aldraða
 - Sérstök löggjöf um félagslega aðstoð ríkisins þar sem heimilt verði að veita viðbótarstuðning til aldraðra einstaklinga sem ekki hafa búið nægjanlega lengi á Íslandi til að hafa öðlast full réttindi til ellilífeyris á Íslandi

- » Frumvarp um breytingar á lögum um almannatryggingar og varðar búsetutengd réttindi öryrkja
 - Kveðið verði á um með hvaða hætti réttindi ávinnast í hlutfalli við löglega búsetu hér á landi og endurskoðun á gildandi ákvæðum um viðbót við áunnin réttindi vegna ætlaðrar búsetu til framtíðar hér á landi

